

*Lög Foreldrafélags Grunnskóla Hornafjarðar.*

**1. gr.**

Félagið heitir Foreldrafélag Grunnskóla Hornafjarðar. Heimili þess og varnarþing er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

**2. gr.**

Félagsmenn geta verið allir foreldrar og forráðamenn nemenda í grunnskólanum.

**3. gr.**

Markmið félagsins er að stuðla að velferð og vellíðan allra barna í skólanum, efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska. Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.:

- Efla samstarf foreldra og starfsfólks skólans
- Starfa eftir þeim ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi og menntamálaráðuneytið setja um grunnskóla.
- Koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólayfirvöld.
- Standa fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun til foreldra og eftir atvikum starfsfólks skólans eftir því sem tilefni gefst og kostur er á.
- Að styðja við félags- og tómstundastarf nemenda.
- Virkja bekkjarfulltrúa í hverri bekkjardeild til að efla foreldrasamstarf innan skólans.
- Efla umræður um skóla og uppeldismál m.a. útvistar- og forvarnarmál.

**4. gr.**

Stjórn félagsins er skipuð 5 foreldrum/forráðamönnum nemenda grunnskólans og einum áheyrnarfulltrúa skólans. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leiti en því að formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi. Tveir stjórnarmenn eru kosnir á hverju ári til tveggja ára í senn en formaður er kosinn annað hvort ár.

**5. gr.**

Aðalfundur félagsins skal haldinn að hausti hvers árs, eigi síðar en um miðjan október. Til fundarins skal boða með a.m.k. 7 daga fyrirvara og hann auglýstur á heimasíðu skólans og með tölvupósti til foreldra/forráðamanna, eða á annan tryggilegan hátt. Kosningaráett á aðalfundi félagsins hafa þeir foreldrar/forráðamenn sem mættir eru og ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

**6. gr.**

Aðalfundur er löglegur sé boðað til hans með löglegum hætti.

**7. gr.**

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Stjórnin setur nefndum verkáætlun í samráði við þær.

8. gr.

Í upphafi skólaárs skal kjósa a.m.k. tvo fulltrúa foreldra/forráðamanna úr hverri bekkjardeild. Hlutverk bekkjafulltrúa/bekkjatengla er að efla og styrkja samstarf foreldra og nemenda ásamt því að leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hverrar bekkjadeildar. Stjórn félagsins setur bekkjafulltrúum/bekkjatenglum starfsreglur.

9. gr.

Stjórn félagsins boðar bekkjafulltrúa/bekkjatengla til fundar a.m.k. tvívar á hverju skólaári þar sem fulltrúar/tenglar hafa færi á að skipuleggja starf vetrarins.

10. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þá aðeins að tillögur að lagabreytingum séu kynntar og sendar með fundarboði með a.m.k. sjö daga fyrirvara.

Samþykkt á aðalfundi Foreldrafélags Grunnskóla Hornafjarðar þann 28. október 2015

*Undirritað á aðalfundi félagsins þann 23. október 2017*

Arður Þórhallsson Kt. 171077-3115

*Vottar að réttri undirskrift og dagsetningu*

Máthildur Ásmundardóttir Kt. 221177-5419

Hröðus Edda Ólgeirsdal Kt. 301081-3329